



Kópavogi, 7. maí 2026

26043168/501.00 BR

Efni: Umsögn vegna fyrirspurnar lóðarhafa um breytingu á umferðarskipulagi innan lóðar Dalveg 30A

Í gildandi deiliskipulagi fyrir Dalveg 30A er tilgreint að sameiginleg lóð húsanna við Dalveg 30 og 30A skuli hafa eina aksturstengingu við Dalveg þar sem bæði er hægt að beygja til hægri og vinstri hvort sem komið er af Dalvegi eða inn á Dalveg af lóðunum. Innan lóðarinnar er gert ráð fyrir tvístefnu austan við húsin en akstur af lóðinni nr. 30 er óheimill inn á lóð nr. 32. Í deiliskipulagi lóðanna við Dalveg 20-28 kemur fram heimild til tengingar lóðar nr. 30 við lóðir nr. 20-28 með brú en slík tenging er ekki tímabær þar sem engin uppbygging er hafin á þeim lóðum.

Tekið er undir þau sjónarmið að þessi eina akstursleið til og frá lóð nr. 30 gæti orðið umferðarpung og að tafir gætu myndast á annatímum inn og út af lóðinni. Tenging við lóðir nr. 20-28 gæti létt nokkuð á umferðinni en framkvæmd slíkrar tengingar er ótímabær eins og aðstæður eru nú.

Viðbótartenging við Dalveg er líklegast til bóta, en aðeins ef um er að ræða hægri beygju af Dalvegi og hægri beygju af lóð, inn á Dalveg. Steypa þyrfti kant á miðju Dalveg til að koma í veg fyrir að bílar taki vinstri beygju inn eða út af lóðinni eða gera aðrar samskonar ráðstafanir.

Samkvæmt tillögu lóðarhafa Dalveg 30 er gert ráð fyrir 7,5 m breiðri tengingu en mælst er til að minnka breidd niður í 6,5-7 m sem er passlegt fyrir fólksbíla en stærri ökutæki skuli áfram nota þá tengingu sem er staðsett á milli húsanna.

Setja ætti fyrirvara á tengingunni um að leyfilegt sé að tengingin sé tímabundin og að henni ætti að loka þegar lóð nr. 30 hefur tengst við lóðir nr. 20-28 eins og gildandi deiliskipulag tilgreinir.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar
(Undirskrifað rafrænt)

